

Umburðarlyndi

Íhugunaratriði :

- Við erum öll einstök og höfum eitthvað dýrmætt að gefa og deila með öðrum
- Umburðarlyndi er að vera sátt við aðra eins og þeir eru og kunna að meta mismuninn
- Umburðarlyndi er að vera sáttur við sjálfan sig og aðra þótt einhver gerir mistök

Markmið:

- Að kynnast mismunandi menningarheimum
- Að læra að setja sig í spor annara
- Að læra þolinmæði
- Að geta leikið við alla
- Að skiptast á

Við leggjum áherslu á umburðarlyndi með því að:

- Leika saman og passa að enginn sé hafður útundan
- Fara í hópleiki og hópefli
- Sýna hugrekki og vera maður sjálfur
- Virða skoðanir annarra
- Líta á hvert og eitt barn sem einstakt
- Sýna hverju öðru umhyggju og virðingu þó við séum ólík
- Vinna með Barnasáttmálann og fjölmenningu
- Hjálpa Isabellu og hugsa fallega til hennar
- Vera sáttur við sjálfan sig
- Vera þolinmóð

Deilum gildum okkar til að skapa betri heim

Söngvar og þulur:

- Gleðisöngurinn
- Við erum góð
- Vinur minn
- Meistari Jakob
- Þulur úr „Lubbi finnur málbeinið“
- Apinn (Vinátta)
- Gott er að eiga vin (Vinátta)
- Kanntu að hoppa (Vinátta)

Sögur og leikir:

- Hugarflugsæfingar
- Bínu bækurnar
- Depill
- Einar Áskell
- Við erum öll fædd frjáls
- Benedikt Búálfur

Umræður:

- Hvað er umburðarlyndi?
- Hvað er einstakt við hvert og eitt okkar?
- Hvernig erum við ólík?
- Hvernig erum við lík?
- Hvað er þolinmæði?
- Hvað er óþolinmæði?

Að tengja lífsgildin daglegu starfi

- Við sýnum tillitsemi og erum kærleiksrík í leikskólanum og leikum okkur saman
- Við bjóðum góðan daginn og kveðjum með nafni og bros á vör
- Við virðum sköpunarverk hvers annars
- Við sýnum umburðarlyndi í fataherbergi og hjálpum hverju öðru
- Við fjöllum um þorrann
- Börnin teikna mynd af móður sinni og lýsa henni
- Við bjóðum mömmum og ömmum í konudagskaffi í tilefni konudagsins.
- Deildir skiptast á leikföngum
- Opið flæði milli deilda.